

### **S. Frumvarp**

til laga um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

#### 1. gr.

182. gr. hinna almennu hegningarlaga skal hljóða þannig:

»Hafi nokkur, karl eða kona, sem veit eða hefir grun um að hann hafi smitandi kynsjúkdóm, hvern sem er þeirra þriggja sjúkdóma, sem ræðir um í lögum nr. 16 frá 1923, með holdlegu samræði eða öðrum atlotum, er eigi verða talin holdlegt samræði, valdið því, að einhver hafi átt eða eigi á hættu að smitast, þá varðar það fangelsi eða, ef miklar málsbætur eru, sektum ekki minni en 100 kr. Hafi smitun átt sjer stað, má þyngja hegninguna í betrunarhúsvinnu allt að tveimur árum.

Hafi nokkur, karl eða kona, á annan hátt en að ofan segir, af ásettu ráði eða af miklu gáleysi valdið því, að einhver hafi átt eða eigi á hættu að smitast af kynsjúkdómi, þá varðar það fangelsi eða sektum. Hafi smitun átt sjer stað, má einnig þegar svo stendur á þyngja hegninguna í betrunarhúsvinnu allt að tveimur árum«.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:**

Á Alþingi 1923 var við umræðurnar um frumvarp það um kynsjúkdóma, er lá fyrir þinginu og síðan varð að lögum, gert ráð fyrir því að 182. gr. hinna almennu hegningarlaga yrði breytt þannig, að hún næði til allra þriggja kynsjúkdómanna, er ræðir um í hinum nýju lögum nr. 16 frá 1923. Með þessu frumvarpi er slík breyting gerð á nefndri grein hegningarlaganna. Annars gefur frumvarp þetta ekki tilefni til athugasemda.